

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Skeiðahreppi, Árnessýslu.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Skeiðahreppi í Árnessýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING**um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og sölustaða á Selfossi,
nr. 288 11. des. 1969.****1. gr.**

Ný grein, 7. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá kr. 1 000.00 allt að kr. 10 000.00.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Selfosshrepps hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, þó með þeim talmörkunum, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ**um fasteignaskatt í Skútustaðahreppi, S.-Þing.**

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 200% álagi í Skútustaðahreppi, S.-Þing.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. febrúar 1970.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.